

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 178/2019

frá 14. júní 2019

## um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/401 frá 19. desember 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 389/2013 um stofnun skrár Sambandsins <sup>(1)</sup>, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 73, 15.3.2019, bls. 193.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

### 1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21ana (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 0401:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/401 frá 19. desember 2018 (Stjtið. ESB L 72, 14.3.2019, bls. 4), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 73, 15.3.2019, bls. 193.“

### 2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 2019/401, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 73, 15.3.2019, bls. 193, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

### 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Claude Maerten**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 72, 14.3.2019, bls. 4.

\* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.